

SANDGERÐISBÆR - innan seilingar!

Bæjarstjóri, GSM 892 7919 - Netfang: sigurdur@sandgerdi.is

Allsherjarnefnd Alþingis
v/Austuvöli
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/637
komudagur 8.12.2006

Sandgerði, 07.12.2006.



Málefni: Stofnun sameiginlegrar skipulagsnefndar Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Reykjanesbæjar á fyrrum varnarsvæði á Miðnesheiði.

Á 245. fundi bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar þann 06.12.2006 var eftirfarandi tekið fyrir og bókað.

Bæjarstjórar ofangreindra sveitarfélaga leggja til að stofnuð verði sameiginleg byggingar- og skipulagsnefnd sveitarfélaganna fyrir fyrrum varnarsvæði á Miðnesheiði, sbr. heimild í 6. mgr. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Lagt er til að byggingar- og skipulagsnefndina skipi þrír menn. Æskilegt er að fyrst um sinn verði það bæjarstjórar sveitarfélaganna sem skipi nefndina. Nefndinni til ráðuneytis verða starfsmenn og stjórnendur skipulags- og byggingamála hjá sveitarfélögunum. Þá er brýnt að nefndarmenn skipulags- og byggingarnefndar sem starfað hefur á vegum Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins verði hinni nýju nefnd sveitarfélaganna til ráðuneytis. Nefndin getur vísað málum til skoðunar og afgreiðslu hjá umhverfis-, byggingar- og skipulagsnefndum einstakra sveitarfélaga eftir því sem við á.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt.


Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri


Samrit: Hr. Geir H. Haarde forsætisráðherra.